# Undanþágunefnd framhaldsskóla

# Skýrsla um starf nefndarinnar skólaárin 2008 - 2014

*Mars 2014*

Inngangur ........ 3
1. Starf undanþágunefndar framhaldsskóla ........ 4
2. Umsóknir um undanþágur og afgreiðslur ........ 4
2.1 Sex stunda reglan ........ 5
2.2 Synjanir ........ 6
2.3 Undanþágur eftir kennslugreinum ........ 6
2.4 Heildarfjöldi umsókna 2008-2014 ........ 7
3. Lokaorð ........ 8

# Inngangur

Skýrsla þessi er samantekt á starfi undanþágunefndar framhaldsskóla skólaárin 2008 - 2014.

Undanþágunefnd framhaldsskóla starfar í samræmi við eftirfarandi ákvæði gildandi laga og reglugerða: Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008, lög um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 87/2008 og reglugerð um störf og starfshætti undanþágunefndar framhaldskóla nr. 669/2010. Þá þarf nefndin í starfi sínu að taka mið af ákvæðum stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og upplýsingalaga nr. 140/2012.

Í skýrslunni er gerð grein fyrir starfi nefndarinnar, umsóknum um heimild til tímabundinnar ráðningar og afgreiðslum nefndarinnar á þeim vegna skólaáranna 2008 - 2014.

Reykjavík, mars 2014

F.h. undanþágunefndar framhaldsskóla,

Ragnheiður Bóasdóttir, formaður

# 1. Starf undanþágunefndar framhaldsskóla

Árin 2007 – 2009 var undanþágunefnd framhaldsskóla þannig skipuð: Sigríður Lára Ásbergsdóttir, formaður, Sigurður Ingi Andrésson, tilnefndur af Kennarasambandi Íslands og Sigurlína Davíðsdóttir, tilnefnd af Háskóla Íslands. Nefndin var skipuð að nýju árið 2009 og var þá þannig skipuð: Karl Kristjánsson, formaður, Hörður Ó. Helgason, tilnefndur af Félagi íslenskra framhaldsskóla og Sigurður Ingi Andrésson tilnefndur af Kennarasambandi Íslands. Ársæll Guðmundsson tók við af Herði sem nefndarmaður í lok árs 2011. Þórir Ólafsson tók við formennsku í nefndinni af Karli árið 2012. Sitjandi nefnd var skipuð í september 2013 og er hún svo skipuð: Ragnheiður Bóasdóttir, formaður, Ársæll Guðmundsson, tilnefndur af Félagi íslenskra framhaldsskóla og Sigurður Ingi Andrésson, tilnefndur af Kennarasambandi Íslands. Ásta María Reynisdóttir hefur verið starfsmaður nefndarinnar.

Nefndin hélt að meðaltali 5 fundi á hverju skólaári. Fundum hefur farið fækkandi undanfarin ár og er það í samræmi við fækkun umsókna. Þá er einnig hluti umsókna afgreiddur í tölvusamskiptum milli nefndarmanna.

Í febrúar 2013 sendi undanþágunefnd framhaldsskóla bréf til allra skólameistara með upplýsingum um skyldur þeirra til að auglýsa lausa kennslu og reglum ef ráða á leiðbeinanda. Í bréfinu voru jafnframt ábendingar um frágang umsókna svo þær megi afgreiða með sem skjótustum hætti. Á heimasíðu mennta- og menningarmálaráðuneytisins er að finna nauðsynlegar upplýsingar um hvernig standa skuli að kennararáðningum, svo og upplýsingar um störf undanþágunefndar framhaldsskóla og umsóknareyðublað fyrir undanþágur.

Afgreiðslur nefndarinnar eru skráðar í gagnagrunn. Öllum erindum sem berast nefndinni er svarað skriflega ýmist með staðfestingu á afgreiðslu nefndarinnar á umsóknareyðublaði frá skólunum eða með sérstöku bréfi.

# 2. Umsóknir um undanþágur og afgreiðslur

Í meðfylgjandi töflu má sjá hvernig umsóknir skiptast á framhaldsskóla, þegar búið er að breyta þeim í stöðugildi:

**Tafla 1: Umsóknir frá einstökum framhaldsskólum 2008-2014 (Stöðugildi)**

| Nafn skóla | Stöðug. 2008-9 | 2009-10 | 2010-11 | 2011-12 | 2012-13 | 2013-14 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Beauty Academy | - | - | - | 0,58 | 0,92 | 1,5 |
| Borgarholtsskóli | 0 | 4,37 | 0 | 4,5 | 0 | 0 |
| Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra | 5,92 | 4,4 | 4,0 | 2,25 | 2,75 | 1,5 |
| Fjölbrautaskóli Snæfellinga | 0 | 2,5 | 2,75 | 0 | 0 | 1,75 |
| Fjölbrautaskóli Suðurlands | 0,75 | 2,7 | 5,25 | 1,75 | 1,25 | 0,5 |
| Fjölbrautaskóli Suðurnesja | 6,25 | 8,0 | 7,17 | 5,67 | 5,58 | 4,0 |
| Fjölbrautaskóli Vesturlands | 5,0 | 2,8 | 0,5 | 1 | 0 | 0 |
| Fjölbrautaskólinn við Ármúla | 0 | 1,0 | 0 | 0 | 1 | 2 |
| Fjölbrautaskólinn í | 0 | 3,25 | 0,0 | 0 | 0 | 0 |

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Breiðholti | | | | | | |
| Fjölbrautaskólinn í Garðabæ | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 |
| Fjöltækniskóli Íslands | 0 | 3,0 | 0 | - | - | - |
| Flensborgarskólinn | 0 | 0,5 | 0 | 0 | 1 | 0 |
| Framhaldsskólinn á Húsavík | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Framhaldsskólinn á Laugum | 0,75 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu | 2,75 | 3,1 | 4,75 | 2 | 1,5 | 2 |
| Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum | 6,42 | 5,8 | 3,21 | 3,63 | 2,5 | 3,13 |
| Iðnskólinn í Hafnarfirði | 10,42 | 5,7 | 0 | 0 | 1 | 3,42 |
| Iðnskólinn í Reykjavík | 0 | 11,0 | 0 | - | - | - |
| Kvennaskólinn í Reykjavík | 1,0 | 0,0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Menntaskólinn að Laugarvatni | 0 | 0,7 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Menntaskóli Borgarfjarðar | 0 | 2,0 | 1,42 | 1,63 | 0 | 0 |
| Menntaskólinn á Akureyri | 0 | 2,58 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Menntaskólinn á Egilsstöðum | 2,25 | 2,0 | 1,75 | 0,5 | 0,5 | 2,25 |
| Menntaskólinn á Ísafirði | 2,46 | 4,8 | 1,5 | 1 | 1,08 | 0 |
| Menntaskólinn í Reykjavík | 2,38 | 1,2 | 0,5 | 1,08 | 0 | 1,42 |
| Menntaskólinn í Kópavogi | 0 | 0 | 0,5 | 0 | 0 | 0 |
| Menntaskólinn við Hamrahlíð | 1,5 | 1,0 | 0 | 0,75 | 0 | 0 |
| Menntaskólinn við Sund | 0 | 1,04 | 1,21 | 1,08 | 0 | 0 |
| Snyrtiakademían Fótaaðgerðaskóli | 1,17 | 1,5 | 0,75 | - | - | - |
| Tækniskólinn | 0 | 2,21 | 0,0 | 10,55 | 5,0 | 10,75 |
| Verkmenntaskóli Austurlands | 0 | 0 | 0,54 | 2,25 | 0 | 2,17 |
| Verkmenntaskólinn á Akureyri | 4,13 | 0 | 2,88 | 1,92 | 4,0 | 0 |
| **Alls** | **53,15** | **77,15** | **38,68** | **43,14** | **28,08** | **36,39** |

## *2.1 Sex stunda reglan*

Þegar skoðaðar eru tölur yfir fjölda mála sem berast undanþágunefnd verður að hafa í huga að framhaldsskólum er heimilt í vissum tilvikum að ráða leiðbeinendur án þess að leita samþykkis undanþágunefndar framhaldsskóla. Skólameisturum er ekki skylt að leita til nefndarinnar vilji þeir ráða sérfræðing til kennslu í allt að 6 stundir (6 x 40 mín.) á viku. Nefndin hefur ekki yfirsýn yfir hve algengt er að skólar nýti þessa reglu og koma þau tilvik því ekki inn í tölfræði þessarar skýrslu.

## 2.2 Synjanir

Undanþágunefnd framhaldsskóla samþykkir umsóknir um undanþágur frá framhaldsskólum þegar réttilega hefur verið staðið að auglýsingum, ekki liggja fyrir umsóknir frá réttindakennurum og ef leiðbeinandi uppfyllir skilyrði um menntun. Í reglugerð um undanþágunefnd framhaldsskóla segir að heimild nefndarinnar til að veita undanþágur skuli bundin því skilyrði að viðkomandi starfsmaður hafi sérmenntun í auglýstri kennslugrein. Nefndin hefur komið sér upp ákveðnum viðmiðunum um hvað skuli teljast sérmenntun. Fyrir kemur að skólar sæki um undanþágur fyrir leiðbeinendur sem ekki hafa sérmenntun í kennslugrein að mati nefndarinnar og er þeim umsóknum synjað. Í meðfylgjandi töflu má sjá í hve mörgum tilvikum umsóknum hefur verið synjað.

**Tafla 2: Fjöld synjana 2008 – 2014**

| Skólaár | Fjöldi synjana |
|---|---|
| 2008-9 | 4 |
| 2009-10 | 2 |
| 2010-11 | 1 |
| 2011-12 | 0 |
| 2012-13 | 0 |
| 2013-14 | 3 (auk einnar sem vísað var frá) |

## 2.3 Undanþágur eftir kennslugreinum

Skólameistarar sækja um undanþágur fyrir leiðbeinendur í tilteknum kennslugreinum. Í umsókn kemur fram hve margar vikustundir ráðgert er að leiðbeinandi kenni. Oft er sótt um undanþágur fyrir sama einstakling í fleiri en einni grein. Í meðfylgjandi töflu 3 má sjá hvernig umsóknir um undanþágur skiptast eftir greinum.

**Tafla 3: Umsóknir flokkaðar eftir kennslugreinum**

| Flokkur námsgreina | 2008-9 | 2009-10 | 2010-11 | 2011-12 | 2012-13 | 2013-14 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | |
| Íslenska og tjáning | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Erlend tungumál | 8 | 2 | 7 | 5 | 3 | 2 |
| Stærðfræði | 9 | 9 | 8 | 4 | 5 | 5 |
| Náttúrufræðigreinar | 7 | 8 | 7 | 8 | 3 | 5 |
| Samfélagsgreinar | 2 | 1 | 4 | 1 | 0 | 1 |
| Viðskiptagreinar og ritvinnsla | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 1 |
| Tölvufræði og upplýsingatækni | 2 | 8 | 8 | 5 | 4 | 8 |
| Íþróttir | 1 | 0 | 0 | 0 | 1 | 1 |
| Sérkennsla | 1 | 4 | 3 | 2 | 0 | 0 |
| Hjúkrunargreinar | 1 | 1 | | 1 | | 1 |
| Listgreinar | 1 | 2 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Annað starfsnám | 28 | 43 | 25 | 24 | 20 | 19 |
| **Alls** | **60** | **79** | **62** | **50** | **36** | **43** |

### *2.4 Heildarfjöldi umsókna 2008-2014 og greining eftir kyni*

Í töflu 4 má sjá fjölda umsókna um undanþágur á tímabilinu 2008-2014.

**Tafla 4: Fjöldi umsókna um undanþágur 2008-2014**

| Skólaár | Einstaklingar | Stöðugildi |
|---|---|---|
| 2008-9 | 60 | 53,15 |
| 2009-10 | 79 | 77,15 |
| 2010-11 | 62 | 38,68 |
| 2011-12 | 50 | 43,14 |
| 2012-13 | 36 | 28,08 |
| 2013-14 | 43 | 36,39 |

Í töflu 5 má sjá fjölda umsókna um undanþágur á tímabilinu 2008-2014 eftir kyni.

**Tafla 5: Fjöldi umsókna um undanþágur 2008-2014 eftir kyni**



# 3. Lokaorð

Störf undanþágunefndar hafa að mestu verið í föstum skorðum á þeim tíma sem skýrsla þessi tekur til. Samskiptin við framhaldsskólana voru almennt jákvæð og greið.

Helstu álitaefni í starfi nefndarinnar koma upp þegar skólameistarar óska eftir að fá að ráða starfsmenn án kennararéttinda þótt umsóknir frá réttindakennurum liggi fyrir. Lög gera ráð fyrir því að undanþágunefnd framhaldsskóla geti samþykkt þess konar umsóknir að vissum skilyrðum uppfylltum. Í slíkum tilvikum greinir nefndin réttindakennurunum frá beiðni skólameistara, gefur þeim kost á að tjá sig um málið og veitir þeim andmælarétt eins og stjórnsýslulög kveða á um. Slík mál eru ekki mörg, um tvö til þrjú á ári en þau eru vandmeðfarin og taka sum langan tíma. Dæmi eru um að erindin fyrnist fari þau í lengri málsmeðferð. Undanþágunefnd framhaldsskóla leggur áherslu á að afgreiða umsóknir skólanna eins fljótt og mögulegt er eftir að þær berast. Hverfandi dæmi eru um að formgallar séu á umsóknum og auglýsingaskylda er í langflestum tilvikum rækt af prýði.